

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 54/2009

frá 24. apríl 2009

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2009 frá 17. mars 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 762/2008 frá 9. júlí 2008 um að aðildarríkin leggi fram hagtölur um lagareldi og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 788/96 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 frá 9. júlí 2008 um manntal og húsnæðistal <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 960/2008 frá 30. september 2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið <sup>(4)</sup>.
- 5) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 762/2008 fellur úr gildi reglugerð ráðsins (EB) nr. 788/96 <sup>(5)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Liður 25d (reglugerð ráðsins (EB) nr. 788/96) hljóði svo:  
„**32008 R 0762**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 762/2008 frá 9. júlí 2008 um að aðildarríkin leggi fram hagtölur um lagareldi og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 788/96 (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 1).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18x (reglugerð ráðsins (EB) nr. 362/2008):  
„18y. **32008 R 0763**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 frá 9. júlí 2008 um manntal og húsnæðistal (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 14).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 130, 28.5.2009, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 28.5.2009, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 14.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 262, 1.10.2008, bls. 6.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 108, 1.5.1996, bls. 1.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

EFTA-ríkin þurfa ekki að sundurliða gögn eftir svæðum eins og kveðið er á um í þessari reglugerð.“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 28c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 847/2007):

„28d. **32008 R 0960**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 960/2008 frá 30. september 2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið (Stjtíð. ESB L 262, 1.10.2008, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 762/2008, 763/2008 og 960/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. apríl 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. apríl 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.